

Fimmtudaginn 4. desember 1980.

Nr. 137/1978. **Garðhús h/f**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

bæjarstjóranum í Grindavík

f. h. bæjarsjóðs

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vil-hjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardóm-ari.

Máli þessu er áfrýjað með stefnu 9. ágúst 1978. Krefst áfrýj-andi þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða honum 855.000 krónur í fébætur ásamt 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum sem að framan segir. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnað-ar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Deila málsaðilja fyrir Hæstarétti snýst um verðmæti fisk-hjalla þeirra, er voru að tilhlutan stefnda fjarlægðir af leigu-landi áfrýjanda á þann hátt, er getur í héraðsdómi.

Með vísan til þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi og lýtur að verðmæti hjalla þessara, svo og með tilliti til þess, að eigi hafa fengist upplýsingar um aldur efniviðar þeirra, þykir mega fallast á niðurstöðu héraðsdóms.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður í Hæstarétti verði látinn falla niður.

1921

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 11. maí 1978.

I

Mál þetta, sem dómtekið var þann 2. maí sl., var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. júní 1975 og birtri 21. júní s. á.

Stefnandi málsins er hlutafélagið Garðhús í Grindavík.

Stefndi er Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri f. h. Grindavíkurkaupstaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 874.000 með 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kostnað sakarinnar að skaðlausu. Til vara er krafist lægri upphæðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

II

Málavöxtum er þannig lýst af hálfu stefnanda: Með afsali, dags. 2. nóvember 1972, seldi hlutafélagið Fiskverkun í Grindavík hlutafélaginu Garðhúsum í Grindavík „fiskhjalla þá, sem standa fyrir ofan tún fasteignarinnar Vesturbraut 10 (Garðhús) í Grindavík, ásamt landi því, er greindir fiskhjallar standa,“ eins og segir í afsalsbréfinu. Gerningi þessum var þinglýst 21. mars 1973 með þeirri athugasemd af hálfu þinglýsingarvaldsmanns, að afsalsgjafa skorti þinglýsta eignarheimild. Forráðamenn Garðhúsa h/f eru allt að einu þeirrar skoðunar, að félagið hafi unnið eignarhefð á tilgreindu landi eða landspildu. Staðhæfingu forráðamanna Garðhúsa h/f um þetta atriði er þó andmælt af forráðamönnum félags eigenda Járngerðarstaða og Hóps í Grindavík, sem halda því fram, að landspildan, sem áðurgreindir fiskhjallar eða fisktrönur standa á (eða réttara sagt stóðu á), hafi eingöngu verið leigð Fiskverkun h/f frá ári til árs.

Ágreiningur varðandi eignarrétt yfir landinu er til meðferðar í bæjarþingsmálinu nr. 184/1975: Garðhús h/f gegn félagi Járngerðarstaða og Hóps.

Í bréfi landeigenda Járngerðarstaða og Hóps, dags. 2. mars 1973, til stjórnarformanns Garðhúsa h/f var því haldið fram, að umræddir fiskhjallar væru á óskiptu sameignarlandi, og þess getið, að landið hefði verið skipulagt til íbúðarhúsabygginga. Þess var jafnhliða óskað, að hjallarnir yrðu fjarlægðir af landinu sem fyrst, þar sem um leiguafnot Garðhúsa h/f (eða Fiskverkunar h/f) hafi verið um að ræða. Enginn uppsagnarfrestur var tilnefndur í bréfi þessu.

Bréfi landeigenda Járngerðarstaða og Hóps var svarað 9. apríl 1973 af hálfu lögmanns Garðhúsa h/f. Var öllum afskiptum landeigenda Járngerðarstaða og Hóps andmælt að því er varðaði landspildu þá, sem fiskhjallarnir stóðu á. Í bréfinu er þess getið, að stefndi telji sér óskýlt að rýma landið og muni hann verja rétt sinn.

Enn bar svo til, að forráðamenn Garðhúsa h/f fengu þann 16. mars 1973 bréf frá sveitarstjóranum í Grindavík. Þar voru ítrekuð tilmæli landeigenda Járngerðarstaða og Hóps frá 2. mars 1973 þess efnis, að fiskhjallarnir yrðu fjarlægðir, og það án tafar.

Nokkru eftir að bréf sveitarstjórans barst forráðamönnum Garðhúsa h/f, voru fyrir tilverknað forráðamanna stefnda margnefndir fiskhjallar Garðhúsa h/f, 38 að tölu, rifnir niður og trönnurnar (ásar, toppar og spíur) fjarlægðar.

Birgir Guðnason, framkvæmdastjóri Garðhúsa h/f, hefur komið fyrir dóminn. Skýrði hann svo frá, að umræddir fiskhjallar hefðu um áramótin 1972—1973 verið leigðir Hafbliki h/f ásamt fiskverkunarhúsi og íbúðarhúsi. Leigusamningur var gerður til eins árs, og var hann framlengdur um hálf tveggja ár 1974 að því er húsið snertir. Kvað hann Hafblik h/f hafa greitt kr. 64.500 í leigu á mánuði. Hann kvað það hafa gerst áður en honum barst bréf landeigenda Járngerðarstaða og Hóps, dags. 2. mars 1973, að stefndi hafi látið grafa í sundur veg að hjöllunum, en er kvartað hafði verið yfir því, var vegurinn lagfærður að nýju. Hann kvað umrædda hjalla ekki hafa verið notaða um 2ja ára skeið, áður en þeir voru rifnir, enda hafi þá ekki almennt verið verkuð skreið í landinu. Þegar hjallarnir voru rifnir, hafði ekki verið kominn skreiðarverkunartími, en þó hafi verið búið að hengja upp lítið eitt af fiski. Hann kvað mikinn hluta hjallanna hafa verið vel nothæfan, en ekki hafi verið þörf á að halda öllum hjöllunum við. Hins veggjar hafi þeim verið að nokkru leyti við haldið, þar til þeir voru síðast notaðir, en það var áður en Garðhús h/f keypti þá. Hann kvað starfsmenn stefnda hafa byrjað

á því að aka út fyrir byggðina nokkrum bílförnum af því hjallaefni, sem þeir rifu fyrst, en síðan hafi hjöllunum verið ýtt saman á staðnum og kveikt í. Hann sagði, að sennilega á tímabilinu frá því er honum barst bréf landeigenda þar til honum barst bréf sveitarstjórans í Grindavík, það er í fyrri hluta marsmánaðar 1973, hafi sveitarstjórinn átt tal við hann um mál þetta. Mætti (sic) bauð þá honum sem málamiðlun, að stefndi yfirtæki hjallana og landið á sama verði og Garðhús h/f hafði greitt, en því boði var hafnað. Þá skýrði Birgir svo frá, að honum væri ókunnugt um hefð þess efnis í Grindavík, að land undir fiskhjalla væri leigt vægu verði, enda verði hjallarnir að víkja fyrirvaralaust vegna bygginga.

Eiríkur Alexandersson, nú bæjarstjóri í Grindavík, hefur komið fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá, að skömmu eftir eldgosíð í Vestmannaeyjum í janúar 1973 hefði verið farið fram á, að reist yrðu „viðlagasjóðshús“ í Grindavík, og hafi umrætt landsvæði, þar sem fiskhjallarnir stóðu, orðið fyrir valinu. Hafi samningar tekist við landeigendur, þ. e. Járngerðarstaða og Hóps. Landeigendur hafi tjáð sér erfiðleika við að fá forsvarsmenn Garðhúsa h/f til að fjarlægja fiskhjallana af landinu og hafi hann þá ítrekað að kröfuna um brottflutning hjallanna með bréfi og símskeytum. Þar sem ekki voru sýnd nein viðbrögð í þá átt að fjarlægja fiskhjallana, heldur þvert á móti farið að hengja á þá fisk, hafi af hálfu stefnda verið brugðið á það ráð að grafa skurð í veginn að hjöllunum og síðan eftir gefna viðvörun hafi hjallarnir verið fjarlægðir. Fyrst hafi hluti þeirra verið rifinn niður og ekið með efnið út fyrir byggðina, en það hafi verið tafsamt, einkum vegna þess, að spírurnar voru svo ónýtar, að þær brotnuðu unnvörpum í meðförum, og beinlínis hættulegt að vinna verkið á þann hátt. Var þá brugðið á það ráð að ýta trönunum saman og kveikja í þeim. Hann kveður umrædda hjalla hafa verið mjög lélega og ónothæfa, að undanskildum tveim-þrem bilum, sem leigutakinn hafi notað til að hengja á. Hann sagði, að þegar land væri leigt undir hjalla í Grindavík, væri ávallt ákveðið, að hjallarnir yrðu að víkja fyrir byggingum eða öðrum mannvirkjum, hvort sem leigusali hafi verið hreppurinn eða einstaklingar og hvort sem um hafi verið að ræða skriflegan eða munnlegan samning. Þeir aðiljar, sem verkað hafa skreið í Grindavík nú undanfarin ár, hafa byggt nýja hjalla, enda voru þeir gömlu allir ónýtir og kaupstaðurinn fjarlæggt þá með samþykki eigenda. Hann kvað framlagðar ljósmyndir á dskj. nr. 18—28 hafa verið teknar, skömmu

eftir að fiskur var hengdur upp í hjallana á vegum Hafblikis h/f og skömmu áður en hafist var handa um að rífa hjallana.

Kristján Ragnar Sigurðsson, bæjarverkstjóri í Grindavík, kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa stjórnað vinnuflokki á vegum stefnda við að rífa fiskhjallana og hafi hann fengið fyrirmæli um það frá Eiríki Alexanderssyni. Hann kvað nokkru af efninu hafa verið ekið brott í hrúgu utan við bæinn. Þessi aðferð hafi síðan reynst ótæk, vegna þess hve efnið var ónýtt og brotgjarnt, þannig að spírurnar brotnuðu og heilu stæðurnar hrundu og bifreiðarstjórarnir neituðu að vera þar nálægt með vörubifreiðarnar. Hafi þá hjöllunum verið ýtt saman í hrúgu og kveikt í. Hann kveður trönurnar hafa verið mjög gamlar og fúnar. Minntist hann þess, að er hann starfaði sem vörubifreiðarstjóri og ók fiski að þessum hjöllum fyrir 8 árum, hafi spírurnar verið lélegar. Eitt-hvað hafi síðan verið skipt um langbönd, en engin þeirra hafi þó verið ný. Hann kveður engan hluta umræddra hjalla hafa verið nothæfan með eðlilegum hætti, enda hafi Þórarinn Sigurðsson, forsvarismaður Hafblikis h/f, hengt upp miklu strjálra en eðlilegt var og aðallega til endanna og á uppistöðunum. Hann kveður spírur, eins og hér var um að ræða, almennt endast í tvö til þrjú ár.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að þótt deilt sé um eignarrétt yfir landi því, er fiskhjallarnir stóðu á, hafi eignarréttur hans á hjöllunum verið óvefengjanlegur frá útgáfu afsalsbréfs 2. nóv. 1972.

Niðurrif hjallanna og brottflutningur þeirra af landinu án undangengins dómsúrskurðar hafi verið löglaus og andstæður ákvæðum norskra laga 6. bók 14—6, beint eða „per analogia“, svo og skv. fordæmisreglum.

Þá er því haldið fram, að tilgreind háttsemi starfsmanna stefnda hafi verið brot á réttarfarslögum og 260. gr. almennra hegningarlaga, enda ósannað, að hjallarnir hafi verið verðlausir. Þá bendir stefnandi á, að ekki hafi verið færðar fram sönnur um það, að önnur þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem réttlæti brottflutning hjallanna með áðurgreindum hætti. Af því leiði, að stefndi, bæjarsjóður Grindavíkur, vegna afskipta starfsmanna stefnda verði að bera fébótaábyrgð á atvikinu.

Við mat á bótafjárhæðinni telur stefnandi, að hafa beri hliðsjón af 37. gr. og 38. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingasam-

inga. Á tjonstímanum 1973 var verðlag á hjallatimbri (verðmæti eins skreiðarhjalls) sem hér greinir samkvæmt upplýsingum, er stefnandi hefur aflað:

4 ásar	á kr.	1.250 per stk.	kr. 6.000
60 spírur	á kr.	400 per stk.	— 24.000
40 toppar	á kr.	400 per stk.	— 16.000

Kr. 46.000

Hjallarnir voru 38 talsins og nemi því endurkaupsverðmæti þeirra á tjondegi samtals kr. 1.748.000. Þar sem fiskhjallarnir hafi ekki verið nýir, þá er tjónið bar að, þyki hæfilegt að draga 50% frá því verðmæti, og fæst þannig stefnukrafan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti, þar sem niðurrif hjallanna hafi verið unnið að fyrir mælum félags landeigenda Járngerðarstaða og Hóps og starfsmenn stefnda hafi aðeins verið framkvæmdaraðilar á vegum þeirra. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu á því, að stefnanda hafi verið skylt að flytja hjallana af landinu og þá að þola brottflutning þeirra, þar sem kröfu um það hafi ekki verið sinnt. Brottflutningur hjallanna hafi aðeins verið eðlilegur þáttur í því að viðhalda hreinlæti og snyrtimennsku í Grindavík, enda hafi stefnanda skort stoð í samningi um, að hjallarnir mættu standa á landinu áfram.

Þá hefur stefndi mótmælt bótakröfu stefnanda tölulega, þar sem hjallarnir hafi verið algerlega verðlausir á umræddum tíma vegna aldurs þeirra.

IV

Eigi verður að mati dómsins fallist á þá málsástæðu stefnda, að hann hafi aðeins unnið að niðurrifi fiskhjallanna í umboði félags landeigenda Járngerðarstaða og Hóps og að beiðni þeirra og sé hann þar af leiðandi ekki réttur aðili málsins. Starfsmenn stefnda önnuðust niðurrif umræddra fiskhjalla, án þess að félag landeigenda Járngerðarstaða og Hóps hefði afskipti af því, hvernig að verkinu var staðið. Með hliðsjón af því svo og öðrum afskiptum stefnda af máli þessu þykir rétt, að stefnandi geti beint bótakröfum sínum að stefnda.

Stefnda var kunnugt um mótmæli stefnanda um brottflutning fiskhjallanna. Niðurrif þeirra án undangenginnar dómsmeðferðar verður að telja andstætt lögum, enda verður ekki fallist á það sjónarmið stefnda, að brýnir almenningshagsmunir hafi legið við greint sinn. Stefndi er því fébótaábyrgur gagnvart stefnanda

vegna brottflutnings fiskhjallanna og eyðileggingar efniviðs þeirra. Við bótakröfu stefnanda er þetta að athuga: Á dóm skjali nr. 4 er margföldunarskekkja, og ætti verð eins fiskhjalls að vera kr. 45.000, en ekki kr. 46.000, og er þá átt við einn sjálfstæðan hjall. Þegar hjallar eru sambyggðir, eins og venja er til og þarna var gert, nýtast ásar og toppar allt að því helmingi betur. Samkvæmt þessu hefði kaupverð 38 sambyggðra hjalla á verðlagi 1973 varla verið meira en kr. 1.200.000—1.300.000 eftir því, hvernig þeim var raðað upp. Myndir þær, sem fyrir liggja, dskj. 18—28, bera með sér, að hjallarnir hafa yfirleitt verið illa farnir, enda þótt undirbygging nokkurra ása hafi verið styrkt. Mjög mikið af spírur er horfið og það, sem eftir er, væntanlega mikið fúsið, enda óhjákvæmilegt miðað við aldur. Þar sem timbrið var brennt, eftir að hjallarnir voru rifnir, verður það ekki metið nákvæmlega til verðs, en miðað við það, sem að framan er sagt, og með tilliti til þess, hvernig háttar til með sönnunaraðstöðu í málinu, telst hæfilegt mat á hjöllumunum, þegar þeir voru rifnir, kr. 250.000.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 90.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson, settur héraðsdómari, sem hefur farið með málið frá því í október 1977, ásamt með dómsmönnum dr. Jakob Sigurðssyni framkvæmdastjóra og Jóni G. Kristjánssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Grindavíkur, greiði stefnanda, Garðhúsum h/f, kr. 250.000 með 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
